

## Fundargerð 5. fundar ferðamálaráðs - 15. september 2010

Fundurinn var haldinn í fundarherbergi veitingastaðarins *rub23*, Akureyri kl. 9:00.

### Mættir:

Svanhildur Konráðsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásbjörn Jónsson, Dofri Hermannsson, Helgi Már Björgvinsson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Sævar Skaptason og Unnur Halldórsdóttir.

Jón Ásbergsson boðaði forföll.

Erna Hauksdóttir, Helga Haraldsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir mættu en þær sitja í stýrihópi vegna ferðamálastefnu ásamt Svanhildi Konráðsdóttur. Elías Gíslason forstöðumaður á Ferðamálastofu sat einnig fundinn.

### Dagskrá:

Formaður bauð fundarmenn velkomna og gaf Sigríði Kristjánsdóttur verkefnisstjóra við gerð ferðamálastefnu orðið.

### 1. Ferðamálastefna iðnaðarráðherra 2011-2020.

SÓK fór yfir aðferðarfræði, viðtöl, fyrirmyndir, markmið og helstu áherslur stefnudraganna sem send höfðu verið ráðsmönnum tveimur dögum fyrir fundinn.

Hún benti jafnframt á að við gerð stefnunnar hefði verið horft til fárra atriða til að stefnan yrði skýrari og auðveldara fyrir stjórnvöld að hafa að leiðarljósi.

SÓK tók fram að eftir að tekið hefði verið tillit til ábendinga af þessum fundi yrðu stofnaðir rýnihópar sem faghópar SAF, Ferðamálastofa og Íslandsstofa mynduðu.

Formaður þakkaði greinargóða yfirferð og óskaði eftir athugasemdum fundarmanna sem allir þökkðu fyrir góða framsögu. Ráðsmenn fögnuðu þeirri megináherslu sem lögð er á lengingu ferðamannatímans.

Óskað var eftir mælikvörðum á árangur stefnunnar til ársins 2020, einnig lista yfir alla þá aðila sem viðtöl voru tekin við og jafnframt spurt hvort erlendir aðilar væru þar á meðal. Þá var spurt hvers vegna ekki væri tekið á samkeppnishæfni og skattastefnu í plagginu.

Lögð var áhersla á mikilvægi úrbóta á ferðamannastöðum, aðild ferðaþjónustunnar að vinnu við skipulag og tilkall hennar til lands undir sína starfsemi. Þá var bent á mikilvægi vöruþróunar og

nýsköpunar. Einnig var velt upp hvort endurgreiðslur vegna rannsókna og nýsköpunar væru nægjanlega kynntar innan ferðapjónustunnar.

Bent var á nauðsyn þess að fjalla meira um menntun og rannsóknir innan greinarinnar. Einnig hvernig ferðamönnum Ísland sæktist eftir. Þá var rætt um leyfismál og að þau væru ekki þess eðlis að þau gætu hamlað nýsköpun.

Einnig var talað um að stefnan þyrfti að taka skýra afstöðu til jafn stefnumarkandi mála og gjaldtöku á ferðamenn og annarra skattamála. Talið mikilvægt að stefnan skýrði hvernig samspili Ferðamálastofu og Íslandsstofu skyldi háttað.

Formaður þakkaði fyrir gagnlegar ábendingar og upplýsti að tekið yrði tillit til þeirra eftir föngum.

## **2. QualMark gæðakerfið.**

EG kynnti sögu gæðakerfa og aðdraganda þess að þetta kerfi var valið en það nær bæði til gæðaflokkunar þjónustu og umhverfisviðmiða. Næstu skref eru m.a. staðfæring og aðlögun viðmiða og að byrja að „máta“ kerfið við fyrirtæki. Þá verður á þessu ári byrjað að gera gátlista og byggja upp gagnabanka.

Formaður þakkaði fyrir góða yfirferð og bauð fundarmönnum kl. 10:30 að halda í Menningarhúsið Hof þar sem kynningar á öllum lanbdshlutum fóru fram í tengslum við VNTM (vestnorræn ferðamálakaupstefna) sem fram fór á Akureyri á sama tíma.

## **3. Önnur mál.**

Ferðamálaráð kom síðan aftur saman kl. 12, snæddi hádegisverð í boði Ferðamálastofu og ræddi m.a. um hlutverk ferðamálaráðs í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa með stofnun Íslandsstofu og fyrirhugaðrar stofnunar fagráðs ferðapjónustunnar í tengslum við markaðsstarf Íslandsstofu. Skoðanir voru nokkuð skiptar en þó voru fundarmenn sammála um að ferðamál á breiðum grunni þyrftu að hafa traustan vettvang.

Fundi var slitið kl. 13 og héldu fundarmenn í Íþróttahöllina þar sem VNTM fór fram.